

187 að, og þess vegna lagt það til, að bending alþingis verði tekin til greina. Á þessa til-
 7. nov. lögu álitur ráðgjafinn, að sjer beri því heldur að fallast, sem það myndi ekki vera heppi-
 legt, eptir að ákveðið er, að skólaárið skuli byrja 1. október, að til taka tímann til inn-
 tókuprófsins þannig, að þeir piltar, sem ekki stöðust prófið, yrðu að ferðast heim í októ-
 bermánuði, þó þeir væru langt að komnir. Þó þess vegna sje ákveðið, að inntókuprófið
 verði hjer eptir haldið að öllum jafnaði í júnímánuði, má eins og herra landshöfðinginn hefir
 stungið upp á, gefa yfirstjórn skólans vald til að leyfa sem undantekning, ef fleiri kom-
 ast fyrir í viðkomandi bekk, að taka lærisveina inn í hann í byrjun skólaársins, og verð-
 ur, þegar svo kemur fyrir, að gefa út um það nauðsynlega auglýsingu.

Að því, er að lyktum snertir tillögur alþingis um það, að nefnd verði sett til að
 endurskoða og gjöra uppástungur um breytingar á skólareglugjörðinni frá 1877, hefir herra
 landshöfðinginn orðið á sama máli og stiptsyfirvöldin um að láta það álit sitt í ljósi, að
 sem stendur sje ekki ástæða til að gjöra slíka ráðstöfun, og í því tilliti hafið þjer tekið
 fram, að þeir annmarkar, sem nefnd sú, er sett var í neðri deild alþingis, hefir bent á,
 sjeu svo vaxnir, að þeir yrðu leiðrjettir með einstökum takmörkuðum breytingum á reglu-
 gjörð þeirri, sem nú gildir, ef reynsla, sem enn er ófengin, sannaði, að þeir væru til. Ráð-
 gjafinn verður einnig að sínu leyti að vera á þeirri skoðun, að ekki sje ástæða til nú
 þegar, að gjöra almenna endurskoðun á skólareglugjörðinni, og að annmarkar þeir, sem
 fyrgreind nefnd hefir bent á, sjeu alls ekki svo þýðingarmiklir, að þeirra vegna sje ástæða
 til að hafa svo mikið fyrir, að setja niður 8 eða 9 manna nefnd til að rannsaka þetta
 mál. Þar eð samt sem áður hin umrædda nefnd hefir tekið fram einstök og ákveðin at-
 riði í reglugjörðinni, þar sem breytinga er beiðt á, álitur ráðgjafinn rjettast, að rektor
 skólans sje gefið tækifæri til að láta í ljósi skoðun sína þar að lútandi, sem þó ætti lík-
 lega ekki að vera fyrri, en hið yfirstandandi skólaár er á enda, og er ætlað til, að hann,
 áður en hann lætur í ljósi álit sitt, ræði málið með kennurum skólans, vil jeg því hjer
 með skora á herra landshöfðingjann, að gjöra þær þóknanlegar ráðstafanir, sem í þessu
 tilliti eru nauðsynlegar.

188 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um byggingu á alþing-
 7. nov. ishúsi. — Í 4. gr. 1. frumvarps þess til fjárlaga fyrir 1880 og 1881, sem alþingi hefir
 samþykkt, var landsstjórninni veitt heimild til þess á fjárhagstímabilinu að verja af inn-
 ritunarskírteinaupphæð viðlagasjóðsins 100,000 kr. til byggingar á húsi fyrir alþingi og söfn
 landsins, og senduð þjer þar eptir, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi frá 2. sept. þ.
 á. hingað þingsályktun um mál þetta, samþykkt á báðum deildum alþingis, og getið þjer
 þess um leið að uppdráttur sá til slíks húss, sem Klentz trjesmiður hefir gjört, og ráð-
 gjafinn með brjefi 26. maí þ. á. sent yður, hafi bæði virzt yður og þeim alþingismönnum, er
 færi hafi gefið á að kynna sjer uppdráttinn, ónægjandi, og hafið þjer því lagt það til, að
 yður verði falið á hendur að velja hússtæðið, og ef til þess kemur, að ákveða skilmála
 fyrir afhendingu hússtæðisins, að gjöra út um það eptir hverri fyrirmynd eigi að byggja,
 og loks að sjá fyrir hinu nauðsynlega, að því er útvegum efnisins, framkvæmd sjálfs verks-
 ins og umsjón með því snertir.

Sökum þessa og eptir að fjárlögin um árin 1880 og 1881 hafa komið út hinn 24.
 f. m., er yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að tillögur yðar, þær er að
 ofan segir, eru samþykktar, þannig að þjer, þegar kemur til framkvæmdar þess valds, sem
 yður er veitt, hafið í ráðum með yður þá menn, sem fyrnefnt brjef yðar bendir á, og eru
 Bergur amtmaður Thorberg, Árni landfógeti Thorsteinsson, dr. phil. Grímur Thomsen,
 Þórarinn prófastur Böðvarsson og Tryggvi kaupmaður Gunnarsson.